

Íslenskt mál og almenn málfræði

Leiðbeiningar um frágang handrita

Síðast endurskoðaðar 2012

Um leiðbeiningarnar

Eftirfarandi leiðbeiningar eru byggðar á þeim sem birtust í 2. og 12.–13. árgangi tímaritsins. Viðaukar og breytingar stafa einkum af breyttri tækni við ritvinnslu og útgáfu, en einnig á reynslu ritstjóra, prófarkalesara og umbrotsmanna af eldri leiðbeiningum. Þá hefur uppsetningu líka verið breytt til samræmis við það að nú eru leiðbeiningarnar einnig aðgengilegar á Netinu sem html-skrá og það auðveldar leit í þeim.

Loks skal ítrekað að markmið leiðbeininganna er að auðvelda ritstjórum, yfirlesurum og umbrotsmönnum verk sitt. Því betur sem höfundar fara eftir leiðbeiningunum, því auðveldara er að ganga frá efninu til prentunar og gæta samræmis í frágangi. Yfirlesarar greina eru m.a. beðnir að huga að því hvort höfundar fari eftir leiðbeiningum tímaritsins og því má búast við athugasemdum sem varða slíka hluti. Ef höfundur gengur ekki frá lokagerð handrits í samræmi við leiðbeiningar tímaritsins má hann búast við að fá það endursent með beiðni um lagfæringar. Slíkt getur tafið birtingu greina.

Efnisyfirlit

(Í html-útgáfu leiðbeininganna má smella á kaflaheiti og atriðisorð til að fara beint þangað. Í pdf-útgáfu eru atriðisorðin höfð með sem vísbendingar um það hvaða efni er fjallað um í hverjum kafla.)

1. Um tímaritið: efni, markmið, ritstjórn

flugur, markmið tímaritsins, rannsóknagreinar, ritdómar, ritfregnir, ritrýni, stuttar fræðilegar athugasemdir, tungumál, umræðugreinar, yfirlitsgreinar

2. Skil á handritum og frágangur þeirra

blaðsíðutal, dálkastilling, heimilisfang og netfang höfundar, leturgerð, leturstærð, línubil, pdf-skjal, ritrýningarferli, ritvinnsluskjal, síðustærð, sjálfvirkar skipanir, skilafrestur, spássíur, UNICODE, utanáskrift tímaritsins

3. Stafsetning og greinarmarkjasetning

bandstrik, beygingarmyndir í upptalningu, langt strik, meðallangt strik, m-strik, n-strik, stafbil á eftir punkti og kommu, strik í ártölum og öðrum tölum, þankastrik

4. Framsetning efnis og kaflaskipting greina

heimildaskrá, inngangur, kaflaheiti, kaflanúmer, lokaorð, lykilorð, útdráttur

5. Neðanmálgreinar

efnislegar athugasemdir í neðanmálgrein, vísað til neðanmálgreina, þakkir í neðanmálgrein

6. Dæmi

dálksetning dæma, dæmasetningar úr erlendum málum, einfaldar gæsalappir (tilvitnunarmerki) og merking, einfaldar gæsalappir (tilvitnunarmerki) og

stafsetningartákn, erlend heiti fræðilegra hugtaka, erlend máldæmi, greinarmerki í dæmasetningum, heilar setningar teknar sem dæmi, langar dæmaupptalningar, máldæmi inni í meginmáli, merking fræðilegra hugtaka, merking íslenskra orða, númer dæma, númer tengdra dæma, oddklofar, ótækar (rangar) setningar eða dæmi, punktar (e. *bullets*), sérstök leturtákn, skástrik, stafsetningartákn, tölusetning dæma í neðanmálsgreinum, tölusetning greiningardæma; tölusetning reglna, skilgreininga, kenninga, tilgáta, tilvitnana; umritun dæma með latneskum stöfum, upplýsingar um málfræðiatríði í dæmum, vafasamar setningar eða dæmi, vakin athygli á tilteknu atriði í dæmi, valfrjáls hluti dæmis, vísað til tölusettra dæma

7. Myndir, töflur og gröf

dálksettar töflur, línur eða strik í töflum, myndefni á sérstökum síðum, myndir og gröf sem krefjast góðar upplausnar, númer á töflu eða mynd, skýringartexti með töflu eða mynd, staðsetning myndefnis sýnd í pdf-skjali, stærð á töflum, tölulegar upplýsingar inni í meginmáli, útlit töflu í pdf-skjali

8. Leturbreytingar

feitt letur, hásteflingar, skáletur

9. Notkun tilvitnunarkerkja (gæsalappa) og ýmissa sértákna

baklægur gerðir, efnisgrein, einfaldar gæsalappir (einföld tilvitnunarkerki), endurgerð dæmi, enskar gæsalappir, gervitákn, greinarmerki innan eða utan gæsalappa, hangandi inndráttur, hljóðbeygingarlegar (morfófónemískar) einingar, hljóðkerfisleg (fónemísk) ritun eða hljóðkerfislegar einingar, hljóðrituð dæmi, hornklofar, inndráttur, innskot, íslenskar gæsalappir, langar beinar tilvitnanir, leturtákn, merking hugtaka, merking máldæma, númer máldæma, númeruð tilvitnun, oddklofar, orð í óeiginlegri eða óvenjulegri merkingu, oðhlutar afmarkaðir, orðréttar tilvitnanir, ótækar setningar eða dæmi, óvenjuleg leturtákn, pdf-skrá, skástrik, stjarna, svigar, söguleg þróun, tákn sem geta farið forgörðum í umbroti, tilvísanir til heimilda, tveir eða fleiri kostir í dæmasetningum, tvícross, UNICODE, úrfelling úr beinni tilvitnun, valfrjálsar einingar í máldæmum, venjulegar gæsalappir (tvöföld tilvitnunarkerki)

10. Ritdómar og ritfregnir

frágangur ritdóma og ritfregna, stærð (blaðsíðufjöldi) ritdæmdra bóka, ritfregnum steipt saman

11. Heimildir

bandarískar venjur um stóra og litla stafi í titlum, bein vefslóð á grein, bækur eftir nafngreinda höfunda, dagsetning lesturs netheimildar, doktorsritgerðir birtar á Netinu, dæmi af Netinu um málnotkun, enskir titlar í heimildaskrá, erlendir höfundar, fræðilegir textar á Netinu, greinar í bókum (greinasöfnum), greinar í tímaritum, greinasöfn, hangandi inndráttur í heimildaskrá, heimildir sem ekki eru tilfærðar undir höfundarnafni, heiti ritraðar ekki skáletrað, heiti ritraðar og röð upplýsinga, heiti vefseturs eða vefrits skáletrað, hornklofar, íslensk stafrófsröð, íslenskir höfundar, langri vefslóð skipt milli lína, meistaraprófsritgerðir birtar á Netinu, millitilvísanir í heimildaskrá, nafn á útgáfustað (ekki stafrétt), netheimildir, nöfn erlendra ritstjóra greinasafna, nöfn ritstjóra greinasafna, orðabækur í netútgáfu og prentútgáfu, orðabækur, óprentaðar meistaraprófsritgerðir, óútgefin handrit; óútgefnar bækur, námsritgerðir og greinar; ritröð, rómverskar tölur í heimildaskrá, röð höfunda, röð nafna erlendra höfunda (fyrsti höfundur), röð nafna erlendra höfunda annarra en fyrsta höfundar, röðun heimilda, skammstafanaskrá, skammstafanir heimilda, skáletur ekki notað í undirtitlum eða viðaukaheitum, skáletur, stafréttar upplýsingar í heimildaskrá, stytt heiti heimilda, tengingar á milli nafna höfunda, tvö eða fleiri rit sama höfundar með sama útgáfuár, upplýsingar í heimildaskrá sem ekki

þurfa að vera stafréttar, upplýsingar um endurútgáfu, upplýsingar um útgáfu (ekki stafréttar), útgáfuár og röð upplýsinga, útgáfuár sem hluti skammstöfunar, útgefendur mjög gamalla rita, valfrjálsum eða sjálfgefnum upplýsingum sleppt í tilvísun í vefheimild, vefsíður sem lesendur geta sjálfir ritstýrt (varasamar heimildir), vefslóðir eru auðkenndar með undirstrikun, viðaukaupplýsingar, vísað í prentmiðil fremur en vefsíðu, vísað í vefi áreiðanlegra útgefenda, ættarnafn erlendra höfunda

12. Tilvísanir

beint samband frá tilvísun í meginmáli til flettu, blaðsíðutal í netheimild, blaðsíðutal, blaðsíðutali í pdf-skjali á Netinu, blaðsíðutöl í tilvísunum, brottfellingarpunktur afmarkaðir með hornklofum, höfundarnafn sem hluti texta, innskot í orðréttu tilvitnun, leturbreytingar í orðréttum tilvitnunum, númer línu í tilvísun; orðréttar tilvitnanir, innskot og brottfellingar; rit tilfærð í heimildaskrá þótt ekki sé vitnað til þeirra, stafréttar orðréttar tilvitnanir, tilvísanir í dálka, tilvísanir í handrit, tilvísanir í línur, tilvísanir í rit nafngreindra höfunda, tilvísanir í rit ótilgreindra höfunda, tilvísanir til mismunandi höfunda afmarkaðar með semikommu, tölur í tilvísunum, úrfelling úr orðréttri tilvitnun, útgáfuár í tilvísun og skammstöfuð heiti heimilda, útgáfuár, viðeigandi fallmyndir í tilvísunum til íslenskra höfunda, vísað á tiltekinn stað (tiltekna blaðsíður) í heimild, vísað er til margra höfunda innan sömu sviga, vísað í eftirnafn erlendra höfunda, vísað í einu lagi til fleiri en eins verks eftir sama höfund, vísað í fullt nafn íslenskra höfunda, þrjár meginreglur um tilvísanir

13. Útdráttur og lykilorð

lengd útdráttar, lykilorð, útdráttur á ensku, útdráttur á íslensku

14. Yfirlit handrita og athugasemdir

eyðublað fyrir ritrýna, yfirlitshandrit (ritrýnar), yfirlit höfundar yfir helstu breytingar í endurskoðuðu handriti

15. Prófkir

fyrsta prófkir

16. Sérprent

sérprent til höfunda

1. Efni og markmið

Tímaritið *Íslenskt mál og almenn málfræði* (nafnið oft stýtt í *Íslenskt mál*) birtir rannsóknagreinar um öll svið íslenskrar málfræði og almennra málvísinda. Ritið birtir einnig ritdóma og ritfregni, stuttar fræðilegar athugasemdir (flugur) og umræðugreinar. Auk þess birtir tímaritið almennar yfirlitgreinar um málfræðileg efni og frásagnir sem snerta mál og málrannsóknir. Greinar skulu að jafnaði skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á ensku, þýsku og norrænum málum.

Markmið tímaritsins er að vera vettvangur fyrir fræðileg skrif um hvaðeina sem varðar íslenska og almenna málfræði.

Greinar eru ritrýndar, þ.e. sendar nafnlausar til tveggja yfirlitshandrita sem skila athugasemdum til ritstjóra. Ritstjóri les allar greinar, metur þær ásamt yfirlitshandritum og sér um að koma viðeigandi athugasemdum til höfunda (sjá nánar í 16. kafla hér á eftir).

2. Skil á handritum og frágangur þeirra

Handriti skal skila sem tölvuskjali. Í flestum tilvikum dugir að skila einföldu ritvinnsluskjali, t.d. *Word*, en sé mikið af sértáknum í handritinu eða uppsetning flókin (t.d. mikið um töflur og myndir) getur verið nauðsynlegt að láta pdf-skjal fylgja með.

Þegar samþykkt hefur verið að birta grein og hún telst frágengin af höfundar hálfu skal henni skilað sem ritvinnsluskjali. Mikilvægt er að ritvinnsluskjalið sé sem allra einfaldast að gerð og að höfundar **taki burt** sem allra mest af þeim sjálfvirku skipunum sem völ er á í mörgum ritvinnsluforritum (sjálfvirk kaflanúmer, sjálfvirk dæmanúmer, sjálfvirkur frágangur ritaskrár, sjálfvirk bil á eftir efnisgreinum, sjálfvirkar leturstærðir í fyrirsögnum (stílar) o.s.frv.) ef þeir nota þær í ritvinnslunni. Allt slíkt getur valdið töfum og erfiðleikum í umbroti. Nauðsynlegt er að láta pdf-skjal fylgja sé hætt á að uppsetning eða sértákn fari forgörðum á leið yfir í umbrotsforrit. Höfundum skal þó bent á að notkun fonta sem eru samhæfðir UNICODE á að drega úr hættunni á því að leturtákn breytist (sjá nánar í 9. kafla).

Utanáskrift tímaritsins er þessi:

Íslenskt mál og almenn málfræði

Árnagarði við Suðurgötu

IS-101 Reykjavík

Greinum má einnig koma beint til ritstjóra. Ekki er neinn sérstakur **skilafrestur**, enda er mikilvægt fyrir vinnslu tímaritsins að efni berist í það jafnt og þétt allan ársins hring. Innsend handrit eru send til ritrýningar jafnóðum og það ferli getur tekið talsverðan tíma (sjaldnast minna en tvo mánuði, oft meira). Greinar eru að öðru jöfnu birtar í þeirri röð sem samþykktar lokagerðir þeirra berast. Höfundar skulu jafnan láta **nafn sitt, pósthfang og netfang** fylgja lokagerð greina, en gott er að nema slíkt brott úr upphaflegri gerð handrits áður en því er skilað, enda sendir ritstjóri það nafnlaust til yfirlesara.

Þægilegast er að miðað sé við venjulega síðustærð í tölvuskjali (A4) með einföldu línubili, góðri leturstærð í algengri leturgerð (t.d. Times New Roman 12p) og góðum spássíum (2–3 sm) á alla vegu. Gott er að dálkastilling (e. *tab*) sé sú sama í öllu handritinu, til dæmis 0,5 sm. Nauðsynlegt er að númera blaðsíður í handriti svo hægt sé að vísa í blaðsíðutal í athugasemdum.

Athugið að hæfileg lengd greina er 15–30 síður í tímaritinu (um 4.500–9.000 orð, nokkuð mismunandi eftir því hve mikið er um dæmi, töflur, myndir og þess háttar). Greinar skulu að jafnaði ekki vera lengri en 40 tímaritssíður (um 12.000 orð).

3. Stafsetning og greinarmerkjasetning

Æskilegt er að höfundar fari að opinberum reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Athugið líka eftirfarandi venjur tímaritsins (þetta eru líka algengar venjur umbrotsmanna):

- Slá skal eitt stafbil á eftir kommu og punkti (ekki tvö).
- Nota skal langt strik, þ.e. — (stundum kallað m-strik), sem þankastrik.
- Nota skal meðallangt strik, þ.e. – (stundum kallað n-strik), í merkingunni ‘til’, t.d. í ártölum eða öðrum tölum. Þetta strik er einnig notað til að aðgreina beygingarmyndir í upptalningu:

Björn K. Þórólfsson fjallar um þetta í bók sinni (1925:1–10).

Sögnin beygist nú jafnan veikt: *hjálpa – hjálpaði – hjálpað*.

- Bandstrik er notað til að aðgreina orðhluta, t.d. *hest-ur*, *-na-sagnir*, *Syðri-Hóll*.

4. Framsetning efnis og kaflaskipting greina

Eitt af því sem best stuðlar að læsileika greina er **skýr kaflaskipting**. Stuttar athugasemdir þurfa að sjálfsögðu ekki að vera kaflaskiptar en lengri greinum skal skipta í kafla sem hver hafi sitt númer og heiti líkt og hér er sýnt með dæmi:

1. Inngangur

...

3. Beygingarsamræmi

3.1 Yfirlit

3.2 Persónusamræmi

3.3 Tölusamræmi

3.3.1 Tölusamræmi í sögnum

3.3.2 Tölusamræmi sagnfyllinga

3.4 Helstu niðurstöður

...

5. Lokaorð

Útdráttur og lykilorð

Heimildir

Númer kafla hafa sér það til ágætis að þau auðvelda allar tilvísanir úr einum kafla í annan en kaflaheiti sýna lesandanum hvar hann er staddur í greininni (og auðvelda höfundu að skipa saman í kafla því sem saman á). Mjög stuttir inngangskafar þurfa hvorki nafn né númer, en lengri inngangskafar og aðrir kaflar eiga að hafa hvort tveggja. Leturbreytingar í kaflafyrirsögnum eru með þeim hætti í *Íslensku máli* sem fram kemur hér á undan: **Feitt letur** í fyrirsögnum aðalkafla, *skáletur* í fyrirsögnum beinna undirkafla aðalkafla en engin leturbreyting í heiti á undirköflum undirkafla. Æskilegt er að höfundar gangi frá kaflafyrirsögnum á þennan hátt þótt lokafrágangur verði í höndum umbrotsmanns.

Athugið að ætlast er til þess að allar greinar hefjist á **inngangi** þar sem viðfangsefnið er reifað, sagt frá því hvernig á því verði tekið og jafnvel tæpt á meginniðurstöðum. Einnig er nauðsynlegt að hafa niðurlagskafla eða **lokaorð** í hverri grein þar sem helstu niðurstöður eru rifjaðar upp fyrir lesandanum og jafnvel bent á frekari rannsóknarefni. Stundum getur líka verið æskilegt að draga niðurstöður saman í lok einstakra kafla (sbr. kafla 3.4 í dæminu hér á undan). Loks fylgir útdráttur á ensku, ásamt lykilorðum, öllum greinum sem eru birtar á íslensku í tímaritinu, en útdráttur á ensku og íslensku þeim greinum sem eru birtar á erlendu máli. Ætlast er til þess að höfundar greina skrifi útdrátt og láti hann fylgja í handriti, en ritstjóri getur séð um þýðingu ef þess er óskað.

Heimildaskrá eða ritaskrá skal fylgja öllum greinum í *Íslensku máli* (sjá nánar í sérstökum köflum um heimildir og tilvísanir).

5. Neðanmálgreinar

Ýmiss konar innskot, þakkir fyrir veitta aðstoð, óútskýrð vandamál og fleira sem gjarna rýfur eða truflar frásögn meginmáls er gott að setja í neðanmálgreinar. Að öðru leyti er best að hafa neðanmálgreinar **eins fáar og stuttar og unnt er**. Í þeim

skulu aðeins vera efnislegar athugasemdir en hvorki hreinar tilvísanir né heimildir (sjá nánar í 11. og 12. kafla hér á eftir).

Almennar þakkir fyrir veitta aðstoð o.þ.h. eru venjulega hafðar í fyrstu neðanmálsgrein. Allar neðanmálsgreinar skulu tölusettar með samfelldri töluröð frá upphafi greinar til enda. Í meginmáli skal vísa til neðanmálsgreina með viðeigandi tölustöfum ofan við línu (og hægra megin við greinarmerki ef því er að skipta) eins og hér er sýnt:

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr þessari könnun.³ Ekki er hafður punktur á eftir númeri neðanmálsgreinar, hvorki í meginmáli né í neðanmálsgreininni sjálfri. Um tölusetningu dæma í neðanmálsgreinum er fjallað í næsta kafla.

6. Dæmi

Frágangur dæma skiptir meginmáli um læsileik greina, en jafnframt getur verið mikil vinna að ganga frá dæmum til prentunar ef ekki er gætt samræmis í uppsetningu þeirra í handriti. Þess vegna eru eftirfarandi leiðbeiningar býsna ítarlegar.

Máldæmi inni í meginmáli eru auðkennd með *skáletri* hvort sem um er að ræða orðasambönd, orð eða orðhluta. Sama máli gegnir um einstök hljóð sem táknuð eru með bókstöfum. Dæmi:

Sögnin *fulhnúast* er oftast notuð í orðasambandinu *fulhnúast með e-ð*.

Sagnir með viðskeytinu *-na* verða hér nefndar *-na*-sagnir. Þær eru ávallt veikar og enda á *-aði* 1.p.et.fh.þt.

U-hljóðvarp er mun virkara í nútímamáli en *i*-hljóðvarp. Langflest orð sem hafa *a* í stofni taka *u*-hljóðvarpi í myndum með endingum sem hafa *u*, t.d. *-ur* í fleirtölu veikra kvenkynsnafnorða (*tala – tölur*).

Venjuleg **stafsetningartákn** eru afmörkuð með einföldum (enskum) tilvitnunarkerkjum:

Hann skrifar *Elvar* með ‘v’ en ekki ‘f’.

Þegar um er að ræða **sérstök leturtákn**, t.d. úr handritum, getur verið skýrara að nota oddklofa eins og oft er gert í textafræði:

Þessi skrifari notar oft <¶> án brodds til að tákna /æ/.

Hér eru **skástrik** notuð til að afmarka hljóðkerfislegar einingar (fónem, sjá nánar í 9. kafla).

Erlend máldæmi í meginmáli eru auðkennd með sama hætti og íslensk en íslensk þýðing þeirra eða merking er afmörkuð með einföldum tilvitnunarkerkjum. Dæmi:

Í greininni er fjallað um merkingu enska orðsins *cup* ‘bolli’.

Einnig skal nota einföld tilvitnunarkerki þegar rætt er um **merkingu íslenskra orða**:

Þetta er orðið *grjúpán* ‘bjúga’.

Erlend heiti fræðilegra hugtaka má setja innan sviga, skáletra og merkja því máli sem við á:

Hér er það **merkingarhlutverkið** (e. *semantic role*) sem skiptir máli.

Þetta hefur líka verið kallað **verknaðargerð** á íslensku (þ. *Aktionsart*).

Fræðileg hugtök má auðkenna með feitu lettri þegr þau eru nefnd í fyrsta sinn, eins og sýnt er í dæminu hér á undan.

Dæmi úr málum sem ekki nota latneska stafrófið (rússnesku, grísku, kínversku o. s. frv.) skal umrita með latneskum stöfum nema sérstök ástæða sé til annars. Dæmi: Kínverska hefur margar samsettar eða „tvöfaldar“ sagnir sem oft er erfitt að þýða, t.d. *da-pao* (sem eiginlega þýðir ‘slá-hlaupa’) og *pao-lei* (eiginlega ‘hlaupa-þreyta’).

Heilar setningar sem teknar eru sem dæmi á kerfisbundinn hátt eru afmarkaðar frá meginmáli með auðu línubili á undan þeim og eftir og merktar með arabískum tölum í svigum, (1), (2) o.s.frv. þannig að hægt sé að vísa til þeirra á ótvíræðan hátt í meginmáli. Notuð er ein töluröð frá upphafi greinar til enda og tölurnar ekki inndregnar. Fyrir tengd dæmi sem sýnd eru í einu má nota sömu tölu í svigum og auðkenna afbrigðin með a, b, c ... og hafa punkt á eftir bókstöfunum. Venjuleg greinarmerkjasetning er notuð í dæmasetningum, t.d. punktur á eftir heilli málsgrein og spurningarmerki á eftir beinni spurningu en ekki punktur á eftir dæmum sem ekki mynda heila málsgrein. Dæmi:

- (1) a. Jón kyssti Maríu í gær.
b. Kyssti Jón Maríu í gær?
- (2) a. hestur, hundur, bátur
b. lögur, köttur, björn

Sérstök athygli skal vakin á því að í *Íslensku máli* eru að jafnaði **ekki** notaðir punktar (e. *bullets*) til að auðkenna dæmi eða upptalningar (þótt það sé víða gert í þessum leiðbeiningum). Ástæðan er sú að ekki er hægt að vísa til slíkra punkta á ótvíræðan hátt í meginmáli. Til dæmanna hér á undan má t.d. vísa eins og hér er sýnt:

Nafnorðin í (2a) fá fleirtöluendinguna *-ar* en dæmin í (2b) endinguna *-ir*.

Ef dæmin væru auðkennd með punktum eins og hér er sýnt væri þetta ekki hægt:

- hestur, hundur, bátur
- lögur, köttur, björn

Vegna þessa er punktaaðferðin ekki notuð í *Íslensku máli*

Afbrigðilegar og málfræðilega rangar setningar eða dæmi skal auðkenna með * á undan dæminu, vafasamar setningar eða dæmi með ? á undan:

- (3) a. Það hefur enginn sagt mér frá því að prentarinn er bilaður.
b. ?Það hefur enginn sagt mér frá að prentarinn er bilaður.
c. Ég get ekki skilað þessu vegna þess að prentarinn er bilaður.
d. *Ég get ekki skilað þessu vegna að prentarinn er bilaður.

Þyki ástæða til frekari aðgreiningar á dæmum eftir því hversu eðlileg þau þykja má nota fleiri merki (til dæmis (?), ??, ?*, ** o.s.frv.), en þá skal útskýra hvað átt er við með hverju tákni eða tákнасambandi fyrir sig.

Þegar einhver hluti dæmis er valfrjáls má afmarka hann með svigum:

- (4) Hann kom til (þess) að kveðja þig.

Stundum getur farið vel á að bera saman tvo möguleika í einni og sömu setningunni með skástriki á þann hátt sem hér er sýndur:

(5) Henni þótti/*þóttum við víst leiðinlegir.

Hér tákna stjórnar við síðari kostinn að hann er ótækur.

Ef æskilegt þykir að vekja **sérstaka athygli á einhverju tilteknu atriði** í dæmasetningum er það gert með feitu lettri:

(6) Henni **þótti** við víst leiðinlegir.

Einföld greinidæmi (hríslumyndir, kvíslgreiningu, afleiðslur ýmiss konar o.s.frv.) skal tölusetja eins og önnur dæmi þannig að hægt sé að vísa til þeirra á ótvíræðan hátt í meginmáli. Yfirleitt fer líka best á því að setja langar dæmaupptalningar í tölusetta dæmi og þá er letri ekki breytt á sjálfum dæmunum:

(7) blána, dofna, fölna, grána, gulna, roðna, þiðna

(8) a. *-ga*: auðga, fjölga, göfga
b. *-ka*: aumka, blíðka, dýpka

Séu máldæmi sett í töflur er letri ekki heldur breytt.

Sömu töluröð má einnig nota til að auðkenna málfræðireglur, stuttar skilgreiningar og jafnvel kenningar, tilgátur eða beinar tilvitnanir sem þörf kann að vera á að vísa til síðar. Dæmi:

(9) a → ö / __ C₀u

(10) Allar tókusagnir fara í fjórða flokk veikra sagna.

(11) ... languages [can] vary without limit and in unpredictable ways (Joos 1957).

Í meginmáli er vísað til tölusettra dæma á þennan hátt: (1), (1a), (3a-d) o.s.frv.

Setningar úr **erlendum málum** sem ætla má að séu flestum lesendum framandi skal bæði glósa orð fyrir orð og þýða á eðlilegt mál, sbr. eftirfarandi dæmi úr jiddísku:

(12) Ikh veys nit vemen zi hot gezen zuntik.
ég veit ekki hvern hún hefur séð sunnudag
'Ég veit ekki hvern hún sá á sunnudaginn.'

Höfundar eru beðnir um að reyna að gæta þess að hin erlendu orð og glósur þeirra standist á eins og þarna er sýnt og er því best að dálksetja dæmi af þessu tagi (nema þýðinguna). Þyki þess þurfa má hafa upplýsingar um málfræðilegar formdeildir, t.d. tíð, í setningadæmum og skal þá hafa slíkar upplýsingar í svigum fast við viðeigandi orð (í íslenskum dæmum) eða glósu:

(13) Jón kyssti(þt.) Maríu í gær.

(14) Ikh veys nit vemen zi hot gezen zuntik.
ég veit(nt.) ekki hvern hún hefur(nt.) séð sunnudag
'Ég veit ekki hvern hún sá á sunnudaginn.'

Í neðanmálgreinum skal tölusetja dæmasetningar og slíkt með (i), (ii) ... innan hverrar neðanmálgreinar en ekki með (1), (2) ... eins og í meginmáli. Þá er síður hætta á ruglingi þegar vísað er til dæmasetninga.

7. Myndir, töflur og gröf

Einfaldar töflur er best að hafa á sínum stað í tölvuskjali. Ef um er að ræða flóknari töflur, myndir eða gröf er oft betra að auðkenna í ritvinnsluskjalinu hvar ætlast er til að taflan/myndin/grafið komi og hafa sjálft myndefnið á sérstökum síðum aftast í handriti. Til skýrleiksauka má láta pdf-skjal fylgja sem sýnir æskilega staðsetningu myndefnis. Vert er að hafa í huga að ekki er víst að hægt sé að koma myndefni fyrir á nákvæmlega þeim stað í umbroti sem gert er ráð fyrir í handriti. Þess vegna skal forðast að vísa í töflur og myndir með orðalagi eins og „hér fyrir ofan“ eða „á næstu síðu“ en nota númer í staðinn (t.d. „í töflu 1“, „á mynd 2“). Myndir og gröf sem krefjast góðar upplausnar er best að láta fylgja handriti sem sjálfstæðar tölvuskrár eða á pappír.

Númer á töflu eða mynd kemur fyrir neðan myndefnið, ásamt skáletruðum skýringartexta. Best er að hafa línubil á undan myndefni og á undan og eftir skýringartexta eins og hér er sýnt (tilbúið dæmi):

Þetta er sýnt í *töflu 1*:

	einhljóð	tvíhljóð
Vestfirðir	37%	63%
Skagafjörður	1%	99%
Snæfellsnes	2%	98%

Tafla 1: Útbreiðsla einhljóðaframburðar á meðal elstu málhafa í þremur landshlutum

Eins og sjá má af þessum niðurstöðum ...

Ekki fer vel á því að hafa tölulegar upplýsingar inni í meginmáli nema þær séu mjög einfaldar og er því yfirleitt farið fram á að tölulegar upplýsingar séu settar fram í töflum af þessu tagi. Töflur þarf að dálksetja (þ.e.a.s. **ekki skal hafa nein auð stafabil** í töflum). Þær skulu ekki hafðar flóknari eða stærri en svo að auðvelt sé að koma þeim fyrir á prentaðri síðu og best er að hver tafla sé minni en síða. Best er að hafa **sem minnst af línunum** eða strikum í töflum í handriti. Slíkt fer yfirleitt úr skorðum í umbroti og flækir það. Ef nauðsynlegt þykir má sýna æskilegt útlit töflu (með línunum o.s.frv.) í meðfylgjandi pdf-skjali.

8. Leturbreytingar

Samræmi í notkun leturbreytinga í prentuðu máli er til þæginda fyrir lesendur. Samræmi í notkun leturbreytinga í handriti er nauðsyn fyrir umbrotsmenn og þá sem ganga frá texta til prentunar. Höfundar eru því beðnir að reyna að fara nákvæmlega eftir reglum tímaritsins um leturbreytingar. Þær eru dregnar saman hér fyrir neðan.

Skáletur er einkum notað í sex tilvikum:

- Í öllum máldæmum sem ekki eru í tölusetnum dæmum.
- Til að auðkenna heiti timarita og bóka, bæði í heimildaskrá og meginmáli: Nýlega birtist ritdómur um *Stafsetningarorðabókina* í tímaritinu *Íslenskt mál*.

Sé hins vegar um að ræða heiti á bókmenntaverki eða handriti skal ekki breyta lettri: Völuspá, Möðruvallabók, AM 468 4to.

- Í fyrirsögnum (bæði númerum og heitum) beinna undirkafla aðalkafla.
- Í töflu- og myndaheitum (*tafla 1, mynd 3, línurit 2* o.s.frv.), bæði í meginmáli og skýringartextum með myndum og töflum.
- Í erlendum orðum sem koma fyrir inni í meginmáli eða sem þýðingar á hugtökum:

Orð af þessu tagi eru stundum kölluð *faux amis*.

Þess háttar orð má kalla **falsvini** á íslensku (f. *faux amis*).

- Til að auðkenna breytur og önnur álíka sértákn:

Breytan x getur haft þrjú gildi: 0, 1 og 2.

Ekki er þó haft skáletur f skammstöfunum málfræðihugtaka:

þt., et., NL, so.

Vert er að vekja athygli á því að skáletur er **ekki** notað til þess að auðkenna orð sem ætlunin er að leggja sérstaka áherslu á. Til þess er notað feitt letur (sjá nánar hér á eftir).

Feitt letur er fyrst og fremst notað sem hér segir:

- Til að vekja athygli á fræðilegu hugtaki þegar það er nefnt í fyrsta skipti: Þetta hefur verið nefnt **framvindahorf** á íslensku.
- Til að vekja athygli á tilteknu atriði í dæmasetningu: **Þeir** hittu okkur **fullir** niðri í bæ.
- Í fyrirsögnum (bæði númerum og heitum) aðalkafla.
- Til áherslu (þessari notkun skal þó stillt í hóf): Þessi orðmynd kemur **aldrei** fyrir í elstu handritum.

HÁSTEFLINGAR eru stundum notaðir þegar þörf þykir á frekari leturbreytingum en þeim sem hér hefur verið lýst.

9. Notkun tilvitnunarkerkja (gæsalappa) og ýmissa sértákna

Fyrir lesendur er mikilvægt að gætt sé samræmis í notkun tilvitnunarkerkja og ýmiss konar sértákna og það auðveldar mjög vinnu umbrotsmanna og þeirra sem ganga frá handritum til prentunar að höfundar fari sem nákvæmast eftir leiðbeiningum tímaritsins um þessi efni.

Einföld tilvitnunarkerki (einfaldar gæsalappir sem líkjast tölunum 6 og 9) eru notaðar í þrem tilvikum:

- Til að afmarka merkingu máldæma, bæði erlendra og íslenskra: Þetta er orðið *grjúpán* ‘bjúga’. Orðið *ox* ‘uxi’ hefur líka óreglulega fleirtölu.
- Til að afmarka merkingu hugtaka:

Þetta eru svokölluð **neikvæðniorð**, en það merkir eiginlega ‘orð sem eru aðeins notuð í neikvæðu samhengi’, sbr. *neinn*.

- Til að afmarka hrein leturtákn:
Sum orð eru ýmist skrifuð með ‘í’ eða ‘ý’, til dæmis *ítarlegur/ýtarlegur*.

Tvöföld tilvitnunarkerki (venjulegar gæsalappir) eru fyrst og fremst notuð til að afmarka orðréttar tilvitnanir:

Á bls. 7 segir m.a. að bókinni sé ætlað að „gefa yfirlit yfir helstu hljóðbreytingar“.

Séu orðréttar tilvitnanir lengri en u.þ.b. 25 orð fer yfirleitt betur á því að afmarka þær með inndrætti (sjá nánar hér neðar).

Athugið að í tímaritinu er fylgt þeirri íslensku venju að hafa fremri gæsalappir niðri og þær aftari uppi og snúa þeim eins og hér er sýnt. Þetta er þó aðeins gert í efni sem er skrifað á íslensku. Athugið líka að greinarkerki eins og punktar, kommur og spurningarkerki koma utan tilvitnunarkerkja nema þau séu nauðsynlegur hluti af tilvitnunni sjálfri. Þetta sést í dæminu hér á undan þar sem punkturinn kemur á eftir síðari gæsalöppunum.

Auk þessarar aðalnotkunar eru venjulegar gæsalappir stundum hafðar utan um orð sem eru notuð í óvenjulegri eða óeiginlegri merkingu:

Í tímaritinu eru notaðar „íslenskar“ gæsalappir eins og þær eru stundum kallaðar þótt þær séu í sjálfu sér ekki íslenskar að uppruna.

Ekki þykir fara vel á því að nota þessa aðferð mjög mikið.

Hornklofar eru einkum notaðir á tvennan hátt:

- Utan um hljóðrituð dæmi og er þá að jafnaði reynt að fara sem næst alþjóðlega hljóðritunarkerfinu nema sérstakar ástæður kalli á annað, t.d. að farið sé að séríslenskum hljóðritunarvenjum:

... t.d. **linmæli** og **óraddaður framburður**: *bátur* [pau:tYr], *úlpa* [ul8pa].

- ... t.d. **linmæli** og **óraddaður framburður**: *bátur* [b8au:d8Yr], *úlpa* [ul8b8a].

- Til að tákna innskot af ýmsu tagi, t.d. í tilvitnanir sem eru orðréttar að öðru leyti:

„enda eru þau [þ.e. dróttkvæðin] heldur efnislítill í sjálfu sér“ segir hann orðrétt.

Í samræmi við þessa síðartöldu notkun eru viðbótarupplýsingar í heimildaskrá oft afmarkaðar með hornklofum (sjá nánar í 11. kafla).

Skástrík eru notuð á tvennan hátt:

- Til að sýna að um sé að ræða hljóðkerfislega (fónemíska) ritun eða hljóðkerfislegar einingar:

Í órödduðum framburði eru /l,m,n/ órödduð á undan /p,t,k/.

- Til að afmarka tvo eða fleiri kosti í dæmasetningum:

Mér leiðist/leiðast vísindaskáldsögur.

Tvíkross er notaður til að afmarka orðhluta eða hljóðbeygingarlegar (morfófónemískar) einingar (baklægar gerðir):

Við getum því sagt að þátíðarkerkið #-ð-# komi fram á þrjá mismunandi vegu eftir því hvert samhengið er

Stjarna er notuð á tvennan hátt:

- Til að auðkenna málfræðilega rangar eða ótækar setningar eða dæmi:
*Hann hefur aldrei verið talaður við síðan.
- Til að sýna að um sé að ræða endurgert dæmi sem ekki kemur fyrir í heimildum. Athugið að slík dæmi eru skáletruð eins og önnur dæmi ef þau koma fyrir inni í meginmáli:
... t.d. sterk kvenkynsorð þar em áður var *-u* í stofni, t.d. *gjöf* < **gebu*.

Oddklofar eru notaðir á tvennan hátt:

- Til að lýsa sögulegri þróun þar sem < merkir ‘komið af, leitt af’ og > merkir ‘verður/varð að, breyttist í’ eins og hér er sýnt:
gjöf < **gebu* (merkir: ‘*gjöf* er leitt af **gebu*’)
gebu* > *gjöf* (merkir: ‘gebu* breyttist í *gjöf*’)
- Til að afmarka (óvenjuleg) leturtákn:
Þessi skrifari notar oft <¶> án brodds til að tákna /æ/.

Svigar eru einkum notaðir:

- Utan um númer máldæma:
(1) a. Jón kyssti Maríu í gær.
- Utan um tilvísanir til heimilda:
Kjartan G. Ottósson (1989:93) hefur bent á þetta.
- Til að afmarka valfrjálsar einingar í máldæmum:
(4) Hann kom til (þess) að kveðja þig.

Gervitákn svokölluð eru notuð þegar bókstafir, leturtákn eða hljóðritunartákn eiga að vera í grein en hætta þykir á að þau fari forgörðum í flutningi úr tölvuskjali (ritvinnsluskjali) yfir í umbrotsforrit. Í vinnslu *Íslensks máls* hefur skapast sú venja að nota dollaramerki og tölustaf sem slík gervitákn, þ.e. svona: \$1, \$2, \$2 ... Þá eru gervitáknin sett inn fyrir viðeigandi leturtákn í tölvuskjalinu en síðan fylgir skrá sem sýnir hvað hvert gervitákn á að merkja og þá er hægt að setja rétt tákn inn á sínum stað í umbroti. Þetta má skýra með dæmum:

Kuri\$lowicz (1945–1949) gerði fyrstur manna tilraun til að flokka þetta.

Þessi skrifari notar leturtáknið <\$2> fyrir /æ/.

Sumir bera orðið *banki* fram sem [pau\$3cɪ] en aðrir [pau\$4c^hɪ].

Ef þessi gervitákn væru öll í sömu greininni myndi fylgja skrá þar sem rétt leturtákn væri sýnt, gjarna með útskýringu í orðum á því hvað átt er við:

- \$1 = † (gegnumstrikað l)
- \$2 = ¶ (lykkju-e)
- \$3 = † (óraddað framgómmeilt nefhljóð)
- \$4 = † ((framgómmeilt nefhljóð, raddað)

Þessi skrá þarf að fylgja handriti sem útprent eða sem pdf-skrá til þess að tryggja að leturtáknin skili sér, en einnig getur verið gagnlegt að láta allt handritið fylgja í pdf-formi ef mikið er um sértákn, myndir eða töflur í því (sbr. 2. kafla). Með vaxandi stöðlun leturtákna og notkun fonta sem eru samhæfðir UNICODE verður sífellt minni þörf á því að nota gervitákn af því tagi sem hér eru sýnd dæmi um. Í vafatilvikum er rétt að hafa samband við ritstjóra áður en lokagerð handrits er skilað.

Inndráttur er einkum notaður sem hér segir:

- Til að afmarka nýja efnisgrein. Athugið þó að fyrsta efnisgrein hvers kafla og undirkafla er ekki inndregin.

- Til að afmarka langar beinar tilvitnanir og þá er haft línubil á undan og eftir. Athugið að í slíkum tilvikum er tilvitnunin ekki auðkennd með gæsalöppum að auki:

... eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun (Höskuldur Þráinsson 1979:180):

Such pronouns normally have a “meaning” of their own in the sense that they refer to something which has usually been mentioned earlier in the sentence (regular anaphoric *það*), earlier in the discourse (discourse anaphoric *það*), or else the referent is clear from the situation or pragmatic context [...] This is well known and need not be illustrated here.

Síðar í sama kafla segir Höskuldur ...

Hér er tilvísun í heimild höfð næst á undan tilvitnuninni en einnig má hafa hana á eftir. Athugið að í slíkum tilvikum er hún jafnan höfð á undan punktinum sem afmarkar tilvitnunina:

Such pronouns normally have a “meaning” of their own [...] This is well known and need not be illustrated here (Höskuldur Þráinsson 1979:180).

Athugið að hér eru hafðar „enskar“ gæsalappir í tilvitnuninni þar sem hún er á ensku. Sé einhverju sleppt úr beinni tilvitnun og punktum skotið inn í staðinn til að sýna brottfellinguna eru punktarirnir gjarna afmarkaðir með hornklofum eins og önnur innskot, líkt og hér er sýnt.

Ef nauðsynlegt reynist að vísa til beinnar tilvitnunar af þessu tagi má til þæginda gefa henni númer eins og öðru efni sem vísa þarf til í meginmáli:

(1) Such pronouns normally have a “meaning” of their own ...

Athugið að sjálft númerið er ekki inndregið hér frekar en önnur númer af þessu tagi.

- Svonefndur hangandi inndráttur er notaður í heimildaskrá (sjá 11. kafla).

10. Ritdómar og ritfregnir

Ritdómar hefjast á nafni höfundar þess verks sem ritdæmt er og bókfræðilegum upplýsingum um það. Dæmi:

Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Fyrri hluti. Íðunn, Reykjavík. 133 bls.

Nafn höfundar ritdómsins kemur svo í lokin (en ekki fremst eins og í greinum). Að öðru leyti gilda sömu reglur um frágang ritdóma og annars efnis. Athugið líka að venja er að tilgreina stærð (þ.e. blaðsíðufjöldi) bóka í ritdómum þótt það sé ekki gert í heimildaskrá.

Ritfregnir lúta sömu reglum um frágang og ritdómar, enda eru þær í eðli sínu stuttar umsagnir um rit. Þó er tveim eða fleiri ritfregnum stundum steipt saman undir eina fyrirsögn ef um er að ræða rit um skylt efni. Nafn höfundar og bókfræðilegar upplýsingar um hvert rit kemur þá á undan fregninni um hvert rit (sjá dæmi um þetta í nýlegum heftum af *Íslensku máli*).

11. Heimildir

Skrá um þær heimildir sem vísað er til þarf að fylgja öllu efni, þ.á m. ritdómum. Þar er heimildum raðað í eftir nöfnum höfunda ellegar skammstöfuðum eða styttnum heitum rita ef ekki er unnt að kenna ritið við tiltekinn höfund. Séu höfundar fleiri en einn eru þeir tilfærðir í þeirri röð sem höfð er í heimildinni sjálfri. Í greinum sem skrifaðar em á íslensku skal nota íslenska stafrófsröð (*a* á undan *á* o.s.frv.) og miða röðun við skírnarnafn íslenskra höfunda en raða erlendum höfundum eftir seinna nafni (ættarnafni). Athugið að ættarnafn erlendra höfunda kemur **ekki** á undan skírnarnafni nema þar sem raðað er í stafrófsröð. Það merkir m.a. að það er aðeins nafn fyrsta höfundar sem snýr þannig, ef um fleiri höfunda er að ræða. Nöfn hinna höfundanna koma í venjulegri röð (sbr. dæmi hér á eftir).

Nær öll tímarit og margir útgefendur fræðilegra rita hafa ákveðnar reglur um frágang heimildaskrár og vísanir til hennar. Hér á eftir fer dæmi um heimildaskrá þar sem reynir á flestar þær venjur sem farið er eftir í *Íslensku máli*. Síðan er vakin athygli á einstökum atriðum í skránni og þau skýrð.

HEIMILDIR

- AM 469 4to. [Hér mætti svo hafa viðeigandi upplýsingar um þetta handrit.]
Andrews, Avery. 1971. Case Agreement of Predicate Modifiers in Ancient Greek. *Linguistic Inquiry* 2:127–151.
Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar. *Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. [Sótt 18.02.2008.]
Baldur Jónsson. 1970. Reconstructing Verbal Compounds on the Basis of Syntax. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [1], bls. 379–394. Vísindafélag Íslendinga, Reykjavík.
Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmalinu*. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.
DI = *Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn* 12, 1. Hið íslenska bókmentafélag, Reykjavík, 1923.
Eiríkur Rögnvaldsson. 2008. Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar. *Heimasíða Eiríks Rögnvaldssonar*. <http://www.hi.is/~eirikur>. [Bein slóð: <http://www.hi.is/~eirikur/ut.pdf>. Sótt 20.03.2008.]
Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order Once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Academic Press, San Diego.
ER&HP = Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson 1990.
FMR = *The First Grammatical Treatise* [‘Fyrsta málfræðiritgerðin’]. Útgefandi Hreinn Benediktsson. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1972.
Helgi Bernódusson. 1982. Ópersónulegar setningar. Kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
Heusler, Andreas. 1962. *Altisländisches Elementarbuch*. 5. útg. óbreytt. Carl Winter Universitätsverlag, Heidelberg.
Holmberg, Anders, og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, Oxford.
Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
ÍO = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Mördur Árnason. Edda, Reykjavík, 2002.
Jón Jónsson. 2008. Athugasemd um nafnið *Jón*. Ritgerð. [Væntanleg í *Íslensku máli*.]

- Jörundur Hilmarsson. 1988–89. *Són: Orðsifjar og myndun. Íslenskt mál og almenn málfræði* 10–11:33–41.
- Kjartan G. Ottósson. 1989. VP-Specifier Subjects and the CP/IP Distinction in Icelandic and Mainland Scandinavian. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 44:89–100.
- Lbs 220 8vo. Handrit á Landsbókasafni Íslands. [Uppskrift úr orðasafni eftir Hallgrím Scheving.]
- Ljósv = *Ljósvefninga saga*. Íslensk fornrit 10. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1940.
- OHR = Ritmálsseðlasafn Orðabókar Háskóla Íslands (nú Orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), Reykjavík.
- OHT = Talmálsseðlasafn Orðabókar Háskóla Íslands (nú Orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), Reykjavík.
- Ordbog over det norrøne prosasprog*. Vefútgáfa orðabókarinnar á slóðinni <http://onp.hum.ku.dk/webmenuud.htm>. Den Arnamagnæanske Kommission, Kaupmannahöfn.
- Sigurður Konráðsson. 1982. Málmörk og blendingssvæði. Nokkur atriði um harðmæli og línsmæli. Ritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sthm. Perg. 15 4to. [Hér mætti svo hafa viðeigandi upplýsingar um þetta handrit.]
- Sturl = *Sturlunga saga* 1. Örnólfur Thorsson bjó til prentunar. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988.
- Valgarður Egilsson. 2007. Örnefni við Eyjafjörð. *Nefnir*. Vefrit, <http://nefnir.is>. Orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. [Bein slóð: <http://www.ornefni.is/n-greinar2.php?ID=17>. Sótt 16.3. 2008.]
- Wasow, Thomas. 1977a. Ritdómur um *Conjectures and Refutations in Syntax and Semantics* eftir Michael Brame. *Linguistic Analysis* 3:377–395.
- Wasow, Thomas. 1977b. Transformations and the Lexicon. Peter W. Culicover, Thomas Wasow og Adrian Akmajian (ritstj.): *Formal Syntax*, bls. 327–360. Academic Press, New York.
- Þórhallur Eyþórsson (ritstj.). 2008. *Grammatical Change and Linguistic Theory*. The Rosendal Papers. John Benjamins, Amsterdam.

Hér verður fyrst bent á nokkur almenn atriði en að því loknu farið nánar yfir þætti sem eru svolítið mismunandi eftir því hvers konar heimild er um að ræða.

Almennar ábendingar

Hafður er **hangandi inndráttur** í heimildaskrá eins og sýnt er í dæmunum hér á undan, þ.e. hver fletta er inndregin frá og með annarri línu.

Ákveðnar venjur gilda um meðferð **rómverskra talna**:

- Í stað rómverskra talna í ártölum (t.d. útgáfuári) eru notaðar arabískar tölur.
- Í stað rómverskra talna í bindisnúmerum tímarita eða ritraða þar sem bindi verða mörg (sbr. *Arkiv för nordisk filologi* eða Íslensk fornrit) eru notaðar arabískar tölur til skýrleiksauka (fáir eru flóknar rómverskar tölur).
- Ástæðulaust er að breyta rómverskum tölum í arabískar þegar um er að ræða rit í fáeinum bindum, t.d. færri en tíu.

Gæta þarf samræmis í því hvað er haft **stafrétt** í heimildaskrá (þ.e. eins og á titilsíðu bókar eða tímarits sem vísað er til) og hvað ekki. Venja er að taka eftirfarandi stafrétt upp:

- Nöfn höfunda, bóka, tímarita og útgefenda (útgáfufélaga og forlaga, sbr. nöfn eins og „Hið íslenska bókmentafélag“ og „Fjølagsprentsmiðjan“ í skránni hér á undan).

Aftur á móti er **ekki** ástæða til að taka eftirfarandi upp stafrétt:

- Upplýsingar um útgáfu eða breytingu á útgáfu (sbr. að skrifað er „5. útg. óbreytt“ í upplýsingum um bók Heuslers hér á undan þótt á titilblaði standi þessar upplýsingar á þýsku).
- Nafn á útgáfustað. Þetta eru venjulega nafn á bæ eða borg sem ákveðnar venjur gilda um í hverju máli fyrir sig og því er eðlilegast að hafa nöfnin á því máli sem greinin er á. Þess vegna stendur „Kaupmannahöfn“ í skránni hér á undan og hvorki væri skrifað „København“, „Copenhagen“ né heldur „Hafniæ“ þótt nafn útgáfustaðarins kynni að vera skrifað þannig á titilblaði. Væri þetta hins vegar ritaskrá úr grein sem væri skrifuð á dönsku stæði að sjálfsgöðu „København“ en „Copenhagen“ ef greinin væri á ensku.
- Notkun stórra og lítilla stafa í enskum titlum. Um þetta gilda nokkuð mismunandi reglur eftir enskum málsvæðum. Í *Íslensku máli* er yfirleitt farið eftir bandarískum venjum um þetta, en samkvæmt þeim eru stórir stafir í öllum aðalorðum í heitum bóka og tímarita en ekki í smáorðum. Þetta sést t.d., í eftirfarandi dæmum:

Baldur Jónsson. 1970. Reconstructing Verbal Compounds on the Basis of Syntax. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics ...*

Kjartan G. Ottósson. 1989. VP-Specifier Subjects and the CP/IP Distinction in Icelandic and Mainland Scandinavian. *Working Papers in Scandinavian Syntax ...*

Athugið að farið er eftir þessari venju án tillits til þess hvernig þessu er háttað á titilblaði viðkomandi rits.

- Þegar um tvo eða fleiri höfunda er að ræða er sett *og* á viðeigandi stað á milli nafna höfundanna (eða *and* ef um er að ræða heimildaskrá í grein á ensku) án tillits til þess hvort þar stendur *og*, *and*, *och*, *et*, *y* eða tengiorð úr einhverju öðru máli á titilblaði — eða ekkert tengiorð:

Holmberg, Anders, og Christer Platzack ...

Viðaukaupplýsingar, t.d. ýmsar skýringar eða upplýsingar um endurútgáfu, má hafa innan hornklofa eins og fram kemur í skránni. Ahugið að þetta er m.a. gert þegar ritröð bindisnúmer vantar á ákveðin hefti í tiltekinni ritröð (þetta kemur helst fyrir þegar um fyrsta bindi er að ræða):

Baldur Jónsson. 1970. Reconstructing Verbal Compounds on the Basis of Syntax. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [1] ...

Skáletur er notað í heitum tímarita og bóka, þ.á m. fjölritaðra ráðstefnurita og fjölritaðra tímarita (t.d. *Working Papers in Scandinavian Syntax*). Hins vegar er **ekki** venja að breyta letri í heitum rita sem ekki er dreift opinberlega, t.d. óprentaðra meistaraþrófsritgerða sem höfundar hafa fjölritað og dreift sjálfir. Ef slík ritgerð er aðgengileg á Netinu má þó líta á það sem opinbera birtingu og skáletra heiti hennar og

sama á þá við um doktorsritgerðir sem hægt er að nálgast á Netinu þótt þeim hafi ekki verið dreift í prentuðu formi.

Skáletur er ekki notað í undirtitlum eða viðaukaheitum á borð við „Kennslubók handa framhaldsskólum“ (sjá kafla 10).

Heiti ritraðar og númer bókar í henni má nefna strax á eftir heiti bókarinnar (eða heiti bókarinnar og blaðsíðutali), sbr. „Syntax and Semantics 24“ og „Íslenzk fornrit 10“ í eftirfarandi dæmum:

Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Syntax and Semantics 24. Academic Press, San Diego.

Ljósv = *Ljósvefninga saga*. Íslenzk fornrit 10. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1940.

Helst er þörf á að geta um ritröð þegar rit hefur verið gefið út í mörgum mismunandi útgáfum, eins og fornsögur til dæmis, eða ef ritröðin er vel þekkt. **Ekki** er notað skáletur í heiti ritraðar.

Tvö eða fleiri rit sem hafa sama útgáfuár og eru eftir sama höfund eru aðgreind með a, b ... (fast við útgáfuár) í heimildaskrá, sbr. ritin tvö eftir Wasow frá 1977 í skránni hér á undan.

Skammstafanir heimilda þurfa að koma fram í heimildaskrá (sbr. Ljósv og ER&HP í skránni hér á undan). Ef um margar skammstafanir er að ræða getur verið skýrara að hafa þær í sérstakri skammstafanaskrá á undan sjálfri heimildaskránni. Heimildir sem kenndar eru við höfund eða höfunda eru því aðeins skammstafaðar inni í meginmáli að mjög oft sé vísað til þeirra. Dæmi:

Um þetta er ítarlega fjallað í grein eftir Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson (1990, hér eftir skammstafað ER&HP).

Að jafnaði er reynt að forðast **millitilvísanir** í heimildaskrá, en þær getur þó þurft að nota þyki nauðsynlegt að skammstafa einhverja heimild sem kennd er við höfund eða höfunda og ritum sé raðað á nöfn þeirra í skránni (sbr. dæmið um millivísun frá ER&HP í skránni hér á undan).

Ábendingar sem varða einstakar tegundir heimilda

Notkun greinarmerkja, röð upplýsinga og ýmis önnur frágangsatríði í heimildaskrá eru svolítið mismunandi eftir því hvers konar heimild er um að ræða. Helstu flokkarnir eru taldir hér á eftir og vísað í dæmi í skránni til skýringar.

Greinar í tímaritum:

Andrews, Avery. 1971. Case Agreement of Predicate Modifiers in Ancient Greek. *Linguistic Inquiry* 2:127–151.

Jörundur Hilmarsson. 1988–89. *Són*: Orðsifjar og myndun. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 10–11:33–41.

Á eftir nafni höfundar kemur ártal (útgáfuár tímaritsheftis), þá heiti greinar, heiti tímarits, árgangur, tvípunktur fast við árgang og blaðsíðutal greinar fast við tvípunkt. **Ekki** er getið um útgefanda tímarits.

Greinar í bókum (greinasöfnum):

Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. *Syntax and Semantics* 24. Academic Press, San Diego.

Á eftir höfundarnafni eða höfundarnöfnum kemur útgáfuár bókar, þá heiti greinar, nafn eða nöfn ritstjóra og auðkennið „ritstj.“ innan sviga og síðan tvípunktur fast við síðari sviga, þá heiti bókar, síðan vísun í blaðsíðutal með „bls.“ og svo blaðsíðunúmerin. Á eftir því má tilgreina ritröð og númer í henni ef vill. Loks kemur svo heiti útgefanda og útgáfustaður.

Vert er að vekja athygli á því að nöfn erlendra ritstjóra koma í venjulegri röð, þ.e. ættarnafn er ekki haft á undan skírnamafni, enda er ekki verið að raða í stafrófsröð hér.

Bækur eftir nafngreinda höfunda:

Heusler, Andreas. 1962. *Altisländisches Elementarbuch*. 5. útg. óbreytt. Carl Winter Universitätsverlag, Heidelberg.

Holmberg, Anders, og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, Oxford.

Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.

Þórhallur Eypórsson (ritstj.). 2008. *Grammatical Change and Linguistic Theory*. The Rosendal Papers. John Benjamins, Amsterdam.

Höfundur, útgáfuár, bókarheiti, upplýsingar um útgáfu (t.d. ritröð ef um það er að ræða og ef vill), útgefandi, útgáfustaður. Ekki er þó nauðsynlegt að geta um útgefendur mjög gamalla rita nema um fleiri en eina útgáfu hafi verið að ræða.

Athugið að ættarnafn erlends höfundar kemur aðeins á undan skírnamafni þegar um fyrri (eða fyrsta) höfund er að ræða, þ.e. þann sem heimildinni er raðað eftir.

Greinasöfnum er raðað á nafn ritstjóra eins og hér er sýnt með dæmi um greinasafn sem Þórhallur Eypórsson ritstýrði. Skammstöfunin „(ritstj.)“ sýnir að ekki er um höfundarverk að ræða. Athugið að orðabókum er yfirleitt raðað eftir nafni en ekki á nafn ritstjóra.

Óútgefnar bækur, námsritgerðir og greinar:

Helgi Bernóðsson. 1982. Ópersónulegar setningar. Kandidatsritgerð í íslenski málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Jón Jónsson. 2008. Athugasemd um nafnið *Jón*. Ritgerð. [Væntanleg í *Íslensku máli*.]

Sigurður Konráðsson. 1982. Málmörk og blendingssvæði: Nokkur atriði um harðmæli og línsmæli. Ritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.

Þarna er heimildin Jón Jónsson (2008) uppspuni en höfð með til að vekja athygli á því að oft er glegggra að vísa til óútgefina handrita með ártali sem vísar til þess hvenær gengið var frá handritinu en með tilvísunum eins og „væntanl.“, „í prentun“ o.s.frv. Slíkum upplýsingum má koma á framfæri innan hornklofa ef ástæða þykir til, eins og sýnt er í dæminu hér á undan.

Heimildir sem ekki eru tilfærðar undir höfundarnafni:

FMR = *The First Grammatical Treatise* [‘Fyrsta málfræðiritgerðin’]. Útgefandi Hreinn Benediktsson. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1972.

ÍO = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík, 2002
Lbs 220 8vo. Handrit á Landsbókasafni Íslands. [Uppskrift úr orðasafni eftir
Hallgrím Scheving.]

Sturl = *Sturlunga saga* 1. Örnólfur Thorsson bjó til prentunar. Svart á hvítu,
Reykjavík, 1988.

Athugið að útgáfuár kemur síðast í upplýsingaröðinni hér. Frá því er þó vikið ef útgáfuár er hluti skammstöfunar til aðgreiningar, t.d. ef vísað væri í fleiri en eina útgáfu af viðkomandi riti, sem mætti þá aðgreina sem „Sturl 1940“ og „Sturl 1988“ eða þá „ÍO 1963“ og „ÍO 2002“ til dæmis.

Netheimildir:

Netheimildir eru forgengilegar í eðli sínu. Þær geta fyrirvaralaust horfið af Netinu eða texti þeirra breyst frá því að vísað var til þeirra. Einnig getur textinn flust af vefslóðinni sem vísað er til yfir á aðra. Þetta dregur úr áreiðanleika netheimilda. Af þessum ástæðum hefur sú hefð skapast að dagsetning lesturs fylgi vísun í netheimild:

Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar. *Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

<http://arnastofnun.is>. [Sótt 18.02.2008.]

Þótt nú sé sjaldnast hægt að endurheimta upprunalegan veftexta hafi hann verið fjarlægður af Netinu eða honum breytt kann það að verða öðruvísi í framtíðinni. En vegna óstöðugleika fræðilegra texta á Netinu er mælt til eftirfarandi:

- Vísað sé í prentmiðil fremur en vefsíðu hafi sami textinn verið birtur bæði á prenti og á Netinu.
- Netheimildir sem ekki eiga sér aðgengilega prentaða hliðstæðu séu valdar með hliðsjón af því hversu líklegt er að texti þeirra verði framvegis aðgengilegur á uppgefni slóð í óbreyttri mynd. Að þessu leyti eru vefir áreiðanlegra útgefenda líklegri til að varðveita upplýsingar en t.d. þorri blogg síðna eða vefir þar sem vafi leikur á hver stendur að baki. Einnig ber að varast að vísa í vefsíður sem lesendur geta sjálfir ritstýrt (t.d. Wiki-síður). Slíkar síður geta breyst frá degi til dags.

Þessar kröfur eiga einkum við um það þegar vísað er í fræðilegan texta. Öðru máli gegnir um veftexta til að sýna dæmi um málnotkun almennings eða talningu á fjölda niðurstaðna í leitarvélum. Í þeim tilvikum eru ekki gerðar sömu kröfur um rekjanleika heimildanna til lengri tíma litið.

Æskilegt er að gengið sé frá upplýsingum um netheimildir á líkan hátt og upplýsingum um prentheimildir í heimildaskrá þannig að hægt sé að vísa til þeirra á sambærilegan hátt eftir því sem við á. Athugið sérstaklega eftirtalin atriði í skránni hér á undan:

- Heiti vefseturs eða vefrits er skáletrað:
Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar. *Vefur Stofnunar Árna Magnússonar ...*
Eiríkur Rögnvaldsson. 2008. Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar. *Heimasíða Eiríks Rögnvaldssonar ...*
Valgarður Egilsson. 2007. Örnefni við Eyjafjörð. *Nefnir*. Vefrit ...
- Vefslóðir eru auðkenndar með undirstrikun. Punktur fer á eftir vefslóð og hann er ekki undirstrikaður:
Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar [...] <http://arnastofnun.is> ...
Eiríkur Rögnvaldsson. 2008. Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar. [...] <http://www.hi.is/~eirikur> ...

Valgarður Egilsson. 2007. Örnefni við Eyjafjörð. [...] <http://nefnir.is> ...

- Auk hinnar almennu vefslóðar sem vísar til vefseturs eða heimasíðu er oft til þæginda fyrir lesanda að fá beina vefslóð á greinina sem vísað er til, þótt slíkar slóðir séu jafnvel ennþá líklegri til að breytast:

Erikur Rögnvaldsson. 2008. Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar. [...] [Bein slóð: <http://www.hi.is/~eirukur/ut.pdf>. Sótt 20.03.2008.]

Valgarður Egilsson. 2007. Örnefni við Eyjafjörð. [...] [Bein slóð: <http://www.ornefni.is/n-greinar2.php?ID=17>. Sótt 16.3. 2008.]

Flestar vefslóðir hefjast á <http://>, sumar á <https://>. Oft skiptir ekki máli hvort [www](http://) fer þar á eftir eða ekki. Leyfilegt er að sleppa því sem er sjálfgefið eða valfrjálst, en leiki vafi á því hvort um slíkt er að ræða er vissara að sleppa því ekki. Höfundar bera ábyrgð á frágangi tilvísana í netheimildir eins og aðrar heimildir.

Athugið að nauðsynlegt getur verið að skipta langri vefslóð milli lína og skal þá ekki nota bandstrik hedldur bil þar sem bandstrik gæti skilist sem hluti vefslóðarinnar.

Séu orðabækur bæði til á prenti og á Netinu skal vísað í prentútgáfu nema vefútgáfa sé nýrri eða ítarlegri en prentútgáfan. Núna á þetta t.d. við um *Ordbog over det norrøne prosasprog* þar sem óprentað efni er að finna á Netinu (bókstafaflettur sem ekki hafa verið gefnar út).

12. Tilvísanir

Þrjár meginreglur:

Þrjár meginreglur gilda um tilvísanir í heimildir í *Íslensku máli*:

- Allar heimildir sem vísað er til í grein, ritdómi eða öðru efni verður að telja í heimildaskrá. Að jafnaði gildir líka að ekki skal telja rit í heimildaskrá nema til þeirra sé vísað.
- Tilvísanir í heimildir verða að vera í **samræmi við heimildaskrá**. Það verður m.ö.o. að vera beint samband frá tilvísun í meginmáli til flettu í heimildaskrá.
- Best er að tilvísanir séu sem nákvæmastar, þ.e. að vísað sé á tiltekinn stað í heimild (tiltekna blaðsíður) þegar þess er kostur en ekki bara til rita í heild.

Fyrsta meginreglan skýrir sig að mestu leyti sjálf. Í undantekningartilvikum getur þó komið til greina að tilfæra rit í heimildaskrá þótt ekki sé beinlínis vísað til þess á tilteknum stað í grein, en þá skal geta þess með einhverjum hætti, t.d. í neðanmálgrein, að stuðst hafi verið við ritið eða það hafi verið einhvers konar fyrirmynd.

Aðra meginregluna má skýra með dæmum. Sé Fyrsta málfræðiritgerðin færð sem FMR í heimildaskrá verður að vísa til hennar í samræmi við það:

... að til hafi verið nefkveðin löng sérhljóð (sjá FMR:206).

Eftirfarandi tilvísun væri ekki í samræmi við þessa meginreglu:

... að til hafi verið nefkveðin löng sérhljóð (sjá Fyrstu málfræðiritgerðina, bls. 206).

Ástæðan er sú að FMR er fletta í heimildaskránni en Fyrsta málfræðiritgerðin ekki. Athugið hins vegar að auðvitað má ræða um Fyrstu málfræðiritgerðina undir fullu nafni hennar þótt öðruvísi sé vísað til hennar:

Eins og fram kemur í Fyrstu málfræðiritgerðinni (FMR:206) ...

Hér er talað um Fyrstu málfræðiritgerðina í textanum en í tilvísuninni er vísað til flettunnar FMR því heimildinni er raðað á þá skammstöfun í heimildaskránni hér á undan.

Þriðja meginreglan helgast af því að helsta markmið tilvísana er að gefa lesendum gagnlegar upplýsingar. Því nákvæmari sem tilvísun er, því gagnlegri er hún yfirleitt fyrir lesandann.

Tilvísanir í rit nafngreindra höfunda:

Tilvísanir í heimildir eru auðkenndar með nafni höfundar ritsins ásamt útgáfuári og blaðsíðutali þar sem við á. Útgáfuár og blaðsíðutal kemur jafnan innan sviga og nafn höfundar einnig nema það sé hluti af meginmáli:

Svo virðist sem beyging hreinna *a*-stofna hafi lítið breyst frá formáli til nútímamáls (sjá t.d. Björn K. Þórólfsson 1925:1–10).

Orðaröð í aukasetningum virðist vera frjálssari í íslensku en flestum öðrum germönskum málum (sbr. Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990).

Stundum er höfundarnafnið hins vegar hluti textans og er það þá ekki endurtekið innan sviga:

Höskuldur Þráinsson hefur fjallað um þetta efni í doktorsritgerð sinni (1979).

Baldur Jónsson (1970) nefnir líka tengsl fylliorðsins *of/um* við horfin forskeyti.

Wasow (1977a:389–391) gagnrýnir Brame fyrir þetta.

Ari Páll Kristinsson hefur bent á þetta (án ártals).

Hér er síðasta tilvísunin í rit sem er á Netinu. Athugið að þar er ekki um neitt blaðsíðutal að ræða og ekki skal reyna að endurgera blaðsíðutal s.s. með því að vísa til blaðsíðutals í útprentuðu afriti. Sé netheimild hins vegar í pdf-formi (prentsniðsskjal) með blaðsíðutali er rétt að vísa til þess.

Eins og fram kemur í dæmunum hér á undan er yfirleitt aðeins notað eftirnafn erlendra höfunda í tilvísunum en fullt nafn íslenskra höfunda. Eðlilegt er að nota viðeigandi fallmyndir íslenskra nafna, t.d. þolfall á eftir *sjá* og *sbr.* en þágufall á eftir *hjá*.

Þegar vísað er í einu lagi til fleiri en eins verks eftir sama höfund er óþarfi að setja sviga um hvert ártal:

Wasow (1977a, 1977b) hefur bent á ...

Þetta virðist hæpið (sbr. Wasow 1977a:378, 1977b:340).

Þegar vísað er til margra höfunda innan sömu sviga getur verið til skýrleiksauka að afmarka tilvísanir til mismunandi höfunda með semikommu:

Um þetta atriði er víða fjallað (sjá t.d. Wasow 1977a, 1977b; Höskuld Þráinsson 1979; Kjartan G. Ottósson 1989; Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990).

Tilvísanir í rit ótilgreindra höfunda:

Svipaður háttur er hafður á um tilvísanir í rit ótilgreindra höfunda en þar er útgáfuárið þó ekki nefnt í tilvísuninni nema það sé hluti af flettunni (t.d. þegar ólíkar útgáfur sama rits eru aðgreindar með ártali í flettu, t.d. sem „Sturl 1940“ og „Sturl 1988“):

Þetta sést m.a. í eftirfarandi dæmi: „ok réð þar hvárrgi á annan“ (Ljósv:3).

Dæmið er tekið úr Sturlungu (Sturl:35,7).

Í síðara dæminu táknar síðari talan númer línu. Séu bæði bindi Sturlungu notuð verður að gera greinarmun á þeim, t.d. „(Sturl 1:35)“ og „(Sturl 2:35)“.

Tilvísanir í handrit:

Þegar vísað er til blaða í handritum er farið að viðteknum venjum um tilvísanir í númer handrits, síðustærð, síður, dálka og jafnvel línur:

... er ágætt dæmi um þetta (Sthm. Perg. 15 4to:19v).

Í þessu handriti kemur orðið aðeins einu sinni fyrir (AM 469 4to:12r5).

Í síðara dæminu vísar síðasta númerið til línu (á síðu 12 í hægri dálki).

Meira tölur og númer:

Að öðru leyti en því sem rakið er hér á undan gildir að tölur í tilvísunum sem ekki eru skýrðar sérstaklega standa einungis fyrir ártöl og blaðsíðutöl. Aðrar tölur verður því að útskýra með orðum eða táknum, t.d. svo:

(1913, dálkur 183), (1867, §253), (1979, 4. kafli)

Sé þess kostur skal jafnan nota blaðsíðutal í tilvísunum fremur en t.d. númer greinar eða dálks.

Orðréttar tilvitnanir, innskot og brottfellingar:

Orðréttar tilvitnanir skulu vera stafréttar og öllum leturbreytingum og öðru þess háttar haldið nákvæmlega til haga þótt vera kunnir með öðrum hætti en í tímaritinu sjálfu. Þegar eitthvað er fellt niður úr orðrétti tilvitnun skal það gefið til kynna með þrem punktum eins og venja er. Sé einhverju skotið inn í orðréttar tilvitnun er það afmarkað með hornklofum. Til skýrleiksauka getur verið gott að afmarka brottfellingarpunkta með hornklofum eins og önnur innskot til að sýna að þeir séu ekki hluti af sjálfri tilvitnuninni. Þetta er þó yfirleitt ástæðulaust í upphafi eða lok tilvitnunar.

Höfundar greina bera alla ábyrgð á því að rétt sé með farið í tilvitnunum.

13. Útdráttur og lykilorð

Greinum (öðrum en stuttum athugasemdum o.þ.h.) skal fylgja útdráttur (*summary*) á ensku og skal hann koma á eftir heimildaskrá (röðin er því grein, heimildir). Ritstjóri sér um að snara útdráttinum á ensku óski höfundur þess. Í honum skal aðeins stiklað á stærstu efnisatriðum og helstu niðurstöðum og skal hann að jafnaði ekki vera lengri en ein hálf síða í tölvuskjali. Greinum á erlendu máli skal fylgja útdráttur á íslensku. Útdráttirnir verða aðgengilegir á Netinu.

Lykilorð (*key words*) á ensku koma næst á undan enska útdráttinum, yfirleitt ekki fleiri en fimm. Þetta eru orð sem gefa vísbendingar um viðfangsefni greinarinnar og eru ætluð til að auðvelda efnisleit á Netinu. Ritstjóri getur séð um að snara lykilorðum á ensku ef óskað er.

14. Yfirlestur handrita og athugasemdir

Ritstjóri og ritnefndarmenn gera athugasemdir við allt efni sem berst til tímaritsins. Greinar eru jafnan sendar nafnlausar til tveggja yfirlesara (ritrýna). Yfirlesarar fá sérstakt eyðublað til viðmiðunar (eyðublaðið má finna á Netinu á slóðinni www.imf.hi.is) og skila því útfylltu til ritstjóra, ásamt viðbótarathugasemdum. Ritstjóri les allar greinar og athugasemdir, metur þær og sér um að koma viðeigandi athugasemdum til höfunda, bæði athugasemdum frá yfirlesurum og sínum eigin. Þetta geta því oft orðið nokkuð ítarlegar ábendingar og þær varða yfirleitt ekki aðeins fræðilega röksemdafærslu heldur einnig framsetningu, orðalag, frágang o.s.frv. Þar kemur m.a. fram hvort grein telst birtingarhæf með litlum breytingum, hæf til birtingar eftir gagngerar breytingar eða óhæf til birtingar. Athugasemdir eru að sjálfsögðu misjafnar engu síður en greinar og þess vegna er yfirleitt ekki gert ráð fyrir að höfundar fari nákvæmlega eftir þeim öllum. En þar sem athugasemdir eru jafnan gerðar með hagsmuni höfunda, lesenda og tímaritsins fyrir augum eru höfundar hvattir til að nýta sér þær sem best.

Þegar lokagerð handrits er skilað er ætlast til þess að henni fylgi stutt yfirlit yfir helstu breytingar frá fyrri gerð og að hvaða leyti þær eru í samræmi við ábendingar yfirlesara. Hafi höfundur kosið að hafa tillögur um veigamiklar breytingar að engu skal útskýra í stuttu máli hvers vegna það var gert. Þetta auðveldar ritstjóra að meta hvort gerðar hafa verið fullnægjandi breytingar á handritinu.

15. Prófarir

Höfundur fær fyrstu próförk til yfirlestrar. Hún skal lesin og leiðrétt og send um hæl til ritstjóra. Handrit er ekki sent með próförk svo að nauðsynlegt er að höfundar haldi eftir afriti í upphafi. Á próförk skal aðeins gera nauðsynlegar leiðréttingar og höfundar mega búast við að verða látnir greiða þann kostnað sem hlýst af annars konar breytingum (frávikum frá samþykktri lokagerð).

Um aðferðir við leiðréttingu prófarka má vísa í ýmsar handbækur um frágang ritaðs máls (sjá líka heimasíðu Eiríks Rögnvaldssonar, <http://www3.hi.is/~eirikur/av/utl.htm>).

16. Sérprent

20 sérprent eru gerð af greinum og ritdómum og send höfundum án endurgjalds er heftið kemur út.